

**kynn-a** *so. vb.-i – heyra*  
[-ti]

– þulurinn kynnir dagskrána

‡ • kunna, tilkynna, kynni, kunningi, (ó)kunnugur

**bæði ... og** *st.*

– við getum bæði farið á safn og í bíó

‡ bæði ... ok • báðir « hvorki ... né

**hvor** *fn.*  
[-, -t]

– hvor ykkar er Sigurður?

‡ hvárr • annaðhvort, hver « hvorugur

**gegnum, í gegn** *fs./ao. – þf.*

– fórstu í gegnum Hvalfjarðargöngin?

‡ • gegn, gegnt, gegna « kringum

**skugg-i** *kk. – tími*  
[-a, -ar]

– skuggarnir lengjast á kvöldin

‡

**stinga** *so. sb.-3 – drekka*  
[stakk, stungum, stungið]

– bíflugan stakk mig í fótinn

‡

**mynd-a** *so. vb.-a – kalla*  
[-aði]

– fjallið er myndað úr líparíti

‡ • mynd, myndun

**leika** *so. sb.-7 – falla*  
[lék, lékum, leikið]

– þau léku sér í grasinu  
– hann lék aðalhlutverkið

‡ • leikur, leikhús; spila

**svefn** *kk. et. – hestur 0*  
[-s]

– hún vaknaði eftir góðan svefn

‡ • svefnherbergi, sofa

**frænd-i** *kk. – nemandi*  
[-a, -ur]

– er þetta frændi þinn?

‡ « frænka

**upphaf** *hk. – hús Ö*  
[-s, upphöf]

– hann las bókina frá upphafi til enda

‡ • upp, hefja » byrjun « endi, lok

**háls** *kk. – hestur 0*  
[-, -ar]

– svanurinn er með langan háls

‡

**mjó-r** *lo. – gulur*  
[-, -tt; -rri, -stur]

– hann er of mjór

‡ » þröngur « víður, breiður

**græn-n** *lo. – gulur S*  
[-, -t; -ni, -astur]

– grasið er grænt

‡ grœnn

**bein-n** *lo. – gulur S*  
[-, -t (ao.); -ni, -astur]

– farðu beint áfram!

‡ • beina, beinlínis, beint; bein

**skó-r** *kk.*  
[-s, skór]

– þú ert í fallegum skóm

‡